

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Þriðjudaginn 13. maí 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Úrvinnslusjóður.**

a) Fyrir fundinum lá kynningarbréf sjóðsins um móttöku hjólbarða, samsettra pappaumbúða og rafhlaða. Í bréfinu er greint frá að unnið sé að útboði á endurnýtingu/urðun hjólbarða og að reiknað er með að hún geti hafist á miðju sumri. Einnig kemur fram að gerður hefur verið samningur við Sorpu um endurnýtingu samsettra pappaumbúða og að sveitarfélögum verður greitt söfnunarstöðva og flutningsgjöld skv. vigtun. Greiðsla skilagjalds á ökutæki mun hefjast 1. júlí nk. og hlutverk sveitarfélaga verður m.a. að gefa út vottorð um skil ökutækja.

Meðfylgjandi bréfinu var lýsing á ferli hjá söfnunar- og móttökustöðvum og skrá um söfnunarstaði fyrir hjólbarða auk yfirlits yfir söfnunarstöðvargjöld.

b) Fyrir fundinum lá einnig béf Guðmundar Sigvaldasonar sem greinir frá stöðu mála hjá Úrvinnslusjóði og upplýsir um flutningsgjöld ofl.

**2. Kántrý á Skagaströnd.**

Fyrir fundinum lá minnisblað samið af Sigurði Sigurðarsyni sem fjallar um Kántrý sem vörumerki fyrir Skagaströnd. Í minnisblaðinu er velt upp ýmsum möguleikum til að nýta sér Kántrý ímyndina til að marka Skagaströnd sérstöðu.

Mikil umræða varð um kántrýímyndina og á hvern hátt sé hægt að marka Skagaströnd sérstöðu á þeirri forsendu. Samþykkt að óska eftir að Sigurður Sigurðarson útfæri ákveðna hluta hugmyndanna betur.

**3. Menntun í heimabyggð.**

Fyrir fundinum lá uppkast að dreifibréfi sem starfshópur um menntun í heimabyggð hefur samið og leggur til að hreppsnefnd dreifi til að kynna næstu skref og möguleika í máinu. Í bréfinu kemur m.a. fram að ákveðið hefur verið að bjóða upp á aðstöðu til náms og stuðning við nemendur í fjarnámi. Í umræðum um málið kom fram að ráða þurfi starfsmann í ákveðið starfshlutfall sem hafi það hlutverk að stýra starfinu og leiðbeina nemendum.

Samþykkt að senda bréfið út til íbúa.

**4. Bréf:**

a) *Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11.04.2003.*

Í bréfinu eru kynntar ályktanir 63. fulltrúaráðsfundar annarsvegar um heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og hins vegar um sameiningu sveitarfélaga. Bréfið og fylgigögn voru til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þeirra.

b) *Golfklúbbsins Óss og Golfklúbbs Skagastrandar, dags. 2.04.2003..*

Í bréfinu er óskað eftir styrk til kaupa á götunarvél fyrir golfvöllina og knattspyrnuvöllina á svæðinu. Áætlað verð vélarinnar er 550 þús og lagt til í bréfinu að sveitarfélögin greiði 60% verðsins. Samþykkt að greiða helming 60% hlutarins í vélakaupunum.

c) *Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins, dags.. 10. apríl 2003.*

Í bréfinu er tilkynnt um að fellt hafi verið úr lögum ákvæði um að skipa skuli sérstakar stjórnir fyrir sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Bréfið var til kynningar.

d) *SSNV, dags. 11. apríl 2003.*

Í bréfinu er greint frá því að 11. ársþing SSNV verði haldið dagana 29. og 30. ágúst 2003 á Skagaströnd í boði Héraðsnefndar A-Hún.

## 5. Fundargerðir

a) Húsnæðisnefndar, 8. maí 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Framkvæmdaráðs um svæðisskipulag, 24. mars 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

c) Framkvæmdaráðs um svæðisskipulag, 31. mars 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Verkfundar um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu, 31. mars 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. mars 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

## 6. Önnur mál.

- a) Oddviti vakti máls á nauðsyn þess að halda borgarafund. Samþykkt að stefna að fundi í byrjun júní.
- b) Umræður urðu um heimasíðu Höfðahrepps, skagastrond.is og hvort heimasíðan sé opin fyrir almenna umræðu og pistla. Fram kom að hreppsnefnd taldi að heimasíðan ætti að vera opin því efni sem þangað á erindi.
- c) Umræður urðu um hunda- og kattahald og samþykkt að endurskoða reglur um dýrahaldið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11<sup>05</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir